

Íslenska

Íslandsbanki hf.: Skýrsla tilnefningarnefndar og upplýsingar um frambjóðendur

Stjórn Íslandsbanka hf. boðaði til aðalfundar bankans með tilkynningu 29. febrúar 2024. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 21. mars 2024, kl. 16:00, í Ballroom salnum á Reykjavík Edition hótelinu, Austurbakka 2, Reykjavík. Jafnframt er gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Atkvæðagreiðsla á fundinum fer eingöngu fram með rafrænum hætti.

Í samræmi við samþykktir bankans hefur bankinn starfandi tilnefningarnefnd sem hefur það hlutverk að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu á aðalfundi bankans, eða eftir atvikum á hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.

Nánari upplýsingar um tilnefningarnefnd og starfsreglur nefndarinnar má finna á [vef bankans](#).

Með tilkynningu í kerfi Kauphallarinnar og auglýsingu á vefsíðu bankans þann 11. janúar 2024 óskaði tilnefningarnefnd Íslandsbanka eftir framboðum til stjórnar til nefndarinnar fyrir 24. janúar 2024.

Bankasýsla ríkisins starfrækir sérstaka þriggja manna valnefnd sem tilnefnir aðila fyrir hönd ríkisins sem rétt hafa til setu fyrir hönd ríkisins í bankaráðum eða stjórnnum fyrirtækja á forræði stofnunarinnar. Stjórn Bankasýslu ríkisins skal tilnefna til kjörs stjórnarinnar það hlutfall stjórnarmanna sem samsvarar eignarhluta ríkisins þegar kjör stjórnar fer fram.

Stjórn Bankasýslu ríkisins hefur tilnefnt þá þrjá einstaklinga í stjórn bankans og einn varamann, sem tilgreindir eru hér að neðan.

- Agnar Tómas Möller, stjórnarmaður
- Haukur Örn Birgisson, stjórnarmaður
- Valgerður Hrund Skúladóttir, stjórnarmaður
- Herdís Gunnarsdóttir, varastjórn

Stjórn Bankasýslu ríkisins tilnefnir ekki fleiri einstaklinga til kjörs. Var það því í verkahring tilnefningarnefndar að tilnefna fjóra stjórnarmenn og einn til vara.

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka leggur til að auk þeirra sem stjórn Bankasýslu ríkisins hefur tilnefnt, verði eftirtaldir einstaklingar kjörnir í stjórn Íslandsbanka hf. á aðalfundi bankans 21. mars nk.

- Helga Hlín Hákonardóttir, stjórnarmaður
- Linda Jónsdóttir, stjórnarmaður
- Stefán Pétursson, stjórnarmaður
- Stefán Sigurðsson, stjórnarmaður
- Páll Grétar Steingrímsson, varastjórn

Tilnefningarnefnd leggur jafnframt til, í samráði við Bankasýslu ríkisins, að Linda Jónsdóttir verði endurkjörin sem formaður stjórnar.

Nánar er fjallað um framangreindar tillögur í skýrslu tilnefningarnefndar sem er meðfylgjandi.

Störf tilnefningarnefndar og skilafrestur umsókna til hennar takmarka ekki rétt frambjóðenda til að skila inn framboðum til stjórnar bankans áður en almennur framboðsfrestur rennur út, sem er fimm (5) dögum fyrir aðalfund, þ.e. klukkan 16:00 þann 16. mars 2024. Frambjóðendur sem vilja skila inn framboði til stjórnar eru beðnir um að fylla út sérstakt eyðublað sem finna má á vef bankans.

Nánari upplýsingar veita Fjárfestatengsl, ir@islandsbanki.is.

Enska

Íslandsbanki hf.: Nomination Committee Report and information on candidates

The Board of Directors of Íslandsbanki hf. called the Bank's Annual General Meeting via an announcement 29 February 2024. The meeting will be held on Thursday, 21 March 2024, 16:00 local time, in the Ballroom at the Reykjavik Edition hotel, Austurbakki 2, 101 Reykjavík. Remote participation is available, and all voting at the meeting will be conducted digitally.

In accordance with the Bank's Articles of Association, the Bank operates a Nomination Committee whose role is to nominate individuals to the Bank's Board of Directors at the Bank's Annual General Meeting or as applicable, at a shareholders' meeting where Board elections are on the agenda.

Further information on the Nomination Committee and its rules of procedure can be found on the Íslandsbanki [website](#).

With an announcement made to the Nasdaq Iceland Exchange and an advertisement posted on the Bank's website on 11 January 2024, the Nomination Committee invited interested parties to declare their candidacy for Board membership to the Committee by 24 January 2024.

Icelandic State Financial Investments (ISFI) operates a three-member Selection Committee whose task is to nominate parties on behalf of the State who are eligible to participate in the boards of directors of banks or undertakings falling under the auspices of the agency. The Board of ISFI shall nominate candidates for election to the Board in proportion to the State's shareholding in the Bank at the time the election is held.

The Board of ISFI has nominated the persons named below, three members and one alternate, to the Board of Directors.

- Agnar Tómas Möller, member of the board of directors
- Haukur Örn Birgisson, member of the board of directors
- Valgerður Hrund Skúladóttir, member of the board of directors
- Herdís Gunnarsdóttir, alternate member of the board of directors

The Board of ISFI does not nominate other individuals for election to the Board. It was therefore the Nomination Committee's task to nominate four candidates and one alternate for Board membership.

The Íslandsbanki Nomination Committee recommends that, in addition to those nominated by ISFI, the following individuals be elected to the Íslandsbanki hf. Board of Directors at the Bank's Annual General Meeting on 21 March 2024.

- Helga Hlín Hákonardóttir, member of the board of directors
- Linda Jónsdóttir, member of the board of directors
- Stefán Pétursson, member of the board of directors
- Stefán Sigurðsson, member of the board of directors
- Páll Grétar Steingrímsson, alternate member of the board of directors

Moreover, the nomination committee recommends, in consultation with ISFI, that Linda Jónsdóttir is re-elected as chairman of the board of directors.

Further information on the aforementioned nominations provided in the attached Nomination Committee's report to the Annual General Meeting.

Neither the work of the Nomination Committee nor the deadline for submittal of applications for Board membership restricts candidates' right to declare their candidacy for Board membership at any time prior to the general deadline, which is 16:00 hrs. on 16 March 2024; i.e., five (5) days before the Annual General Meeting. Individuals who wish to declare their candidacy are requested to fill out a candidacy form, which can be found on the Íslandsbanki website.

For further information please contact Investor Relations – ir@islandsbanki.is.